



Norrænt
samstarf

10

staðreyndir um Norðurlönd
og norrænt samstarf

10 staðreyndir um Norðurlönd og norrænt samstarf

- 1.** Við eigum í svæðisbundnu samstarfi sem er eithvert það umfangsmesta og elsta í heimi og við viljum efla Norðurlönd sem samþættasta svæði veraldar.
- 2.** Við erum ellefta stærsta hagkerfi heims og okkur hefur tekist vel að laga velferðarlíkanið okkar að hinu hnattræna hagkerfi.
- 3.** Við erum með opinn vinnumarkað sem í sextíu ár hefur gert norrænum ríkisborgurum kleift að stunda atvinnu hvar sem er á Norðurlöndum.
- 4.** Við tökum ábyrgð á alþjóðavettvangi og erum opin gagnvart umheiminum. Við eigum umfangsmikið samstarf við ýmis alþjóðasamtök og við nágrannalönd okkar, til dæmis um baráttuna gegn mansali og verndun umhverfis við Eystrasalt og á norðurslóðum.
- 5.** Við leggjum áherslu á að skapa börnum og ungmennum tækifæri og gerum ungu fólki kleift að stunda nám á háskólastigi á öllum Norðurlöndum.

6. Við verðum vör við mikinn áhuga um allan heim á norrænni byggingarlist, kvikmyndum, mat, tísku og tónlist. Við viljum gera Norðurlöndin sýnileg og styðjum norræna menningu innan Norðurlanda og víðar um heim, til dæmis með því að veita verðlaun Norðurlandaráðs.

7. Við búum yfir stórkostlegri og fjölbreyttri náttúru og náttúruauðlindum sem við erum dugleg að vernda og nýta til framleiðslu á sjálfbærri orku. Norðurlöndin eru nýskapandi og starfa saman að því að finna nýjar, snjallar lífhagkerfislausnir.

8. Við erum á meðal best menntuðu þjóða í heimi og leggjum mikið í samstarf um rannsóknir, innan Norðurlanda og með alþjóðlegum samstarfsaðilum, til dæmis þegar við tökumst á við afleiðingar loftslagsbreytinga.

9. Norðurlönd eru á meðal þeirra svæða heims þar sem jafnrétti er hvað mest. Jafnrétti á vinnumarkaði hefur stuðlað að mikilli efnahagslegri velsæld í löndunum. Hlutfall norrænna kvenna á vinnumarkaði er með því hæsta sem þekktist í heiminum og karlar á Norðurlöndum eiga heimsmet í töku fæðingarorlofs.

10. Við erum í efstu sætum í mörgum alþjóðlegum könnunum á gagnsæi, trausti, tjáningarfrelsi, umhverfismálum og hamingju.



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.